

## Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um langvinn áhrif COVID-19.

Frá Andrésí Inga Jónssyni.

1. Hvernig er haldið utan um tölfræði um þau sem hafa sótt sér heilbrigðisþjónustu vegna langvinnra eftirkasta sýkingar af völdum COVID-19? Hversu mörg er talið að glími við langvinn áhrif COVID-19? Óskað er að svarið sé greint eftir kyni og tegund heilbrigðisþjónustu.
2. Hvaða meðferðar- og endurhæfingarúræði eru í boði fyrir einstaklinga sem glíma við langvinn áhrif COVID-19?
3. Hvaða rannsóknum hefur ráðuneytið komið að þar sem skoðað er umfang og eðli langvinnra áhrifa COVID-19-sýkingar hér á landi? Hvernig hafa niðurstöður slíkra rannsókna verið nýttar til úrbóta á þjónustu við einstaklinga?
4. Hvaða fræðsla hefur átt sér stað innan heilbrigðiskerfisins og gagnvart almenningi um langvinn áhrif COVID-19-sýkingar?

Skriflegt svar óskast.